

unnið svo lengi sem hann telur. Hefur verið lögð fram sundurliðun yfir vinnu þessa, og verður það að telja fullægjandi gegn almennum mótmælum stefnda.

Með vísun til framanritaðs ber því að taka til greina kröfur stefnanda, eins og þær eru við munnlegan flutning málsins, og ber einnig að taka til greina kröfu hans um staðfestingu sjóveðréttar í v/b Nönnu, GK 504, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1600.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Dagbjartur Geir Guðmundsson, greiði stefnandanum, Markúsi Þorgeirssyni, kr. 7148.03 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og kr. 1600.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þá hefur stefnandinn sjóveðrétt í v/b Nönnu, GK 504, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Föstudaginn 3. júní 1960.

Nr. 26/1960. **Bergljót Pálsdóttir Ólafsson**

gegn

Gylfa Þ. Gíslasyni, Tómasi Guðmundssyni og Vilhjálmi S. Vilhjálmsyni persónulega og fyrir hönd Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Ragnari Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Höfundaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. febrúar 1960 og hingað kominni 25. s. m. hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar frávisunardómi, sem upp var kveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 5. febrúar 1960 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Ákveðinn var munnlegur flutningur á kærumáli þessu, og fór hann fram 1. júní 1960.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hún þess og, að varnaraðiljum Gylfa Þ. Gíslasyni, Tómasi Guðmundssyni og Vilhjálmi S. Vilhjálmsyni, aðallega in solidum persónulega, en til vara f. h. Menningar- og fræðslusambands alþýðu, og til þrautavara Ragnari Jónssyni persónulega verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Þegar bókin „Ljóð“ eftir Pál Ólafsson kom út hinn 23. september 1955, var höfundaréttur að skáldskap hans samkvæmt gögnum málsins í óskiptri sameign sóknaraðilja og bróður hennar, Björns P. Kalmans, að hálfu hjá hvorum þessara aðilja. Björn P. Kalman lézt hinn 12. janúar 1956, og gekk þá réttur sá, sem honum kann að hafa borið vegna greindrar útgáfu, að erfðum til barna hans. Sóknaraðili taldi bókina „Ljóð“ hafa verið gefna út án heimildar frá henni. Höfðaði hún mál með héraðsstefnu, dags. 23. febrúar 1956, á hendur varnaraðiljunum Gylfa Þ. Gíslasyni, Tómasi Guðmundssyni og Vilhjálmi S. Vilhjálmsyni, stjórnarmönnum Menningar- og fræðslusambands alþýðu, og krafðist þess, að þeim yrði dæmd refsing og gert að greiða in solidum fébætur til sóknaraðilja og enn fremur, að upplag bókarinnar yrði gert upptækt. Máli þessu var vísað frá héraðsdómi hinn 13. maí 1958. Höfðaði sóknaraðili síðan mál það, sem hér liggur fyrir, með héraðsstefnu, dags. 24. júní 1958, gegn varnaraðiljunum Gylfa, Tómasi og Vilhjálmi persónulega og einnig til vara fyrir hönd Menningar- og fræðslusambands alþýðu og svo til þrautavara gegn Ragnari Jónssyni forstjóra. Gerir hún í málinu kröfur um refsingu, upptöku bókarupplags og fébætur sér til handa, eftir því sem nánar er rakið í hinum kærða frávísunardómi.

Telja verður, að hver sameigandi að höfundarétti hafi samkvæmt 17. og 18. sbr. 20. gr. laga nr. 13/1905 sjálf-

stæða heimild til að átelja í dómsmáli meint brot á rétti hans, sbr. og um refsikröfuna 2. mgr. 26. gr. laga nr. 19/1940, enda er fébótakrafa út af hinu meinta broti skiptanleg og sóknaraðili sækir varnaraðilja ekki um heildarbætur, heldur aðeins það, sem hún telur eiga að koma í sinn hlut. Samkvæmt þessu á sóknaraðili rétt til að fá efnisdóm um kröfur sínar, og standa ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 því ekki í vegi. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma varnaraðilja til að greiða in solidum sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er felldur úr gildi, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðiljar, Gylfi Þ. Gíslason, Tómas Guðmundsson og Vilhjálmur S. Vilhjálmsson persónulega og fyrir hönd Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Ragnar Jónsson, greiði in solidum sóknaraðilja, Bergljótu Pálsdóttur Ólafsson, kærumálskostnað, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. febrúar 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Bergljót P. Ólafsson, Vesterbrogade 64 í Kaupmannahöfn, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 24. júní 1958, á hendur Gylfa Þ. Gíslasyni, Aragötu 11, Tómasi Guðmundssyni, Vesturbúrú 12, og Vilhjálmi S. Vilhjálmsyni, Brávallagötu 50, öllum í Reykjavík, aðallega, en til vara gegn Ragnari Jónssyni, Reynimel 49 í Reykjavík.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir í þyngstu refsingu, er lög standa til, að upplag bókarinnar LJÓÐ eftir Pál Ólafsson, sem út kom á vegum Helgafells og Menningar- og fræðslusambands alþýðu í september 1955, verði gert upptækt, og að aðalstefndu persónulega in solidum aðal-

lega, en til vara fyrir hönd Menningar- og fræðslusambands alþýðu og til þrautavara stefnda Ragnari Jónssyni persónulega verði dæmt að greiða stefnanda fébætur, að fjárhæð kr. 3750.00, með 6% ársvöxtum frá 30. september 1955 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans, en til vara að aðalstefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en varastefndi verði einungis dæmdur til að greiða lágar fébætur og að málskostnaður falli niður.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfu sinni um upptöku á þeim hluta framangreindrar bókar, sem gefinn er út á nafni Helgafells.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hinn 23. september 1955 hafi komið út hér á landi bókin LJÓÐ eftir Pál Ólafsson, og hafi útgefandi verið Menningar- og fræðslusamband alþýðu og Helgafell að einhverju leyti. Stefnandi, sem er nú ein lifandi barna Páls skálds Ólafssonar, kveðst aldrei hafa gefið Menningar- og fræðslusambandi alþýðu heimild til að gefa út ljóð föður síns. Páll Ólafsson hafi andast hinn 23. desember 1905, og hafi því vantað þrjá mánuði á 50 ára tímabil frá láti hans, er umrædd bók hafi komið út.

Telur stefnandi aðalstefndu, sem eru í stjórn Menningar- og fræðslusambands alþýðu, með bókaútgáfu þessari hafa brotið gegn ákvæðum laga um rithöfundarétt og prentrétt nr. 13/1905, og byggir stefnandi kröfur sínar á ákvæðum 17., 18. og 20. gr. þeirra laga. Er bótakrafa stefnanda í málinu miðuð við mat tveggja dómkvaddra manna á tjóni hans vegna bókaútgáfu þessarar. Krafa stefnanda, að því er varðar varastefnda, er á því byggð, að varastefndi hafi skýrt frá því, að hann reki bókaútgáfu Menningar- og fræðslusambands alþýðu fyrir eigin reikning. Ef aðalstefndu af þeim sökum verða ekki taldir bera ábyrgð á umræddri bókaútgáfu, þá beri að leggja alla ábyrgð á varastefnda.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi sé þegar búinn að fá greitt fyrir útgáfurétt að umræddri bók að sínu leyti. Varastefndi, Ragnar Jónsson, hafi fyrir allmörgum árum samið um útgáfurétt að ljóðum Páls Ólafssonar, prentuðum og óprentuðum, við þálfandi son skáldsins, Björn Kalman. Hafi það samkomulag verið á þann veg, að Ragnar Jónsson greiddi kr. 15.000.00, er skiptast skyldu á milli Björns Kalmans og stefnanda. Hafi

stefnandi samþykkt samkomulag þetta og hafi fengið greiddar kr. 7500.00 frá varastefnda. Ragnar Jónsson hafi því haft fullan rétt til útgáfu ljóðabókarinnar. Enginn fyrirvari hafi um það verið í samkomulagi aðilja, að ljóðin mættu ekki koma út á vegum fleiri útgáfufyrirtækja. Og þar sem Ragnar Jónsson hafi á hendi bókaútgáfu Menningar- og fræðslusambands alþýðu fyrir eigin reikning, þá sé raunverulega um að ræða persónulega útgáfu hans.

Stefnandi hefur viðurkennt, að framangreint samkomulag hafi átt sér stað um útgáfurétt til Ragnars Jónssonar og að hann hafi fengið greiddar kr. 7500.00 fyrir þann útgáfurétt að sínu leyti. Hins vegar sé útgáfa Menningar- og fræðslusambands alþýðu sjálfstæð útgáfa, en sambandið hafi enga heimild haft til útgáfu ljóðanna.

Það kemur fram í gögnum málsins, að börn Páls skálds Ólafssonar voru tvö, Björn heitinn Kalman og stefnandi. Eigi er í ljós leitt, að öðru hvoru þeirra hafi með erfðagerningi sérstaklega verið fenginn í hendur eignarréttur að ritum skáldsins. Hefur höfundaréttur því verið sameign þeirra. Björn Kalman er látinn, en alkunna er, að hann á skylduerfingja á lífi. Eigi er heldur í ljós leitt, að Björn Kalman hafi ráðstafað eignarrétti að sínu leyti með erfðagerningi. Verður því eigi annað séð en að allir erfingjar Páls Ólafssonar eigi óskiptan eignarrétt að ritum hans, sbr. 6. gr. laga 13 frá 1905. Eiga því allir erfingjarnir óskipta sakaraðild að málshöfðun vegna höfundaréttar að ritum Páls Ólafssonar. Stefnandi hefur einn höfðað mál þetta, án þess að fyrir liggi umboð annarra erfingja til málshöfðunar, að því er réttindi þeirra varðar. Ber af þeim sökum að vísa frá dómi kröfum málsins, að því er varðar upptöku á upplagi umræddrar bókar og bætur fyrir ólögsmæta meðferð á höfundarétti, sbr. 46. gr. einkamálalaganna nr. 85 frá 1936. Að því er varðar kröfur stefnanda um refsingu, þá þykir sú krafa vera svo tengd öðrum kröfum málsins, að rétt þykir, að um hana verði fjallað jafnframt þeim kröfum. Þykir því einnig bera að vísa þeirri kröfu frá dómi.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Ragnari Jónssyni hrl., bókaútgefanda, og Sigurði Grímssyni skáldi.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 3. júní 1960.

Nr. 59/1960. **Arnljótur Ólafsson Pétursson**

gegn
valdstjórninni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Úrskurður rannsóknardómara um leit í bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. marz 1960, er barst dóminum hinn 29. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur.

Af hálfu valdstjórnar hafa eigi komið fram kröfur né greinargerð.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu, eftir að það var kært til Hæstaréttar. Kom þá fyrir dóm og bar vætti Sigurður Einar Steindórsson, sem getið er í úrskurði héraðsdóms. Kvaðst Sigurður Einar ekki minnst þess, að hann hefði í samtali við fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík sveigt að ákveðnum mönnum eða Borgarbilastöðinni um áfengissölu.

Leit sú í bifreiðinni R 2501, sem kveðið er á um í úrskurði héraðsdóms, var tvímælalaust heimil, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1954. Á úrskurðurinn því að vera óraskaður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.